

**Sp.**

**109. Fyrirspurn**

[107. mál]

til iðnaðarráðherra um sveitarafvæðingu.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Hvers vegna hefur iðnaðarráðherra ekki afgreitt tillögu Orkuráðs samkvæmt bréfi dags. 17. apríl s. l. og ítrekaða með bréfi dags. 21. október s. l., um ráðstöfun fjármagns sem ákveðið er til sveitarafvæðingar í fjárlögum fyrir árið 1982 vegna nýrra veitulagna?
2. Vill iðnaðarráðherra afgreiða tillögu Orkuráðs þegar í stað, svo að nýta megi það fjármagn sem Alþingi hefur ákveðið að ganga skuli til sveitarafvæðingar á árinu 1982?